

## Veðigjöld, hagnaður og raunveruleg afkoma

Barátta SFS gegn leiðréttingu á veðigjöldum hefur skilað litlum árangri meðal almennings. Etv. er það vegna þess að sá málflutningur að stefna stjórnvalda sé árás á útgerð í landinu fær lítinn hljómgrunn. Ágreiningurinn snýst ekki um útgerðina. Almennur er meðvitaður um mikilvægi sjávarútvegs og telur hann vel rekinn en er ekki sáttur við að arður af fiskveiðiauðlindinni renni nær allur til fárra útvalinna en lítið til eigenda hennar og samfélagsins sem lagði grundvöll að arðsemi hennar.

SFS hefur í baráttu sinni beitt áróðri og þrýstingi á íbúa og sveitarstjórnir á landsbyggðinni með fullyrðingum um að verið sé að skattleggja landsbyggðina og rýra tekjur íbúa og sveitarfélaga. Leikræn sviðsetning nær þó ekki til að fela þá staðreynd að það er eigendur stórútgerða sem bera veðigjöldin að mestu leyti og að þar sem veðigjöld hafa ekki áhrif á aflamagn, löndun og fiskvinnslu hafa þau hvorki áhrif á tekjur þeirra sem starfa við veiðar eða vinnslu né á tekjur sveitarfélaga þar sem afla er landað og hann unninn.<sup>1</sup>

### Auðlindarenta, gjaldstofn veðigjalda

Nýlega var fjargviðrast í umræðum á Alþingi yfir því að ekki eigi að miða veðigjöld við það sem kallað var raunverulegur hagnaður. Endurómar þetta gagnrýni SFS á því að gjaldstofn veðigjalda sé reiknuð auðlindarenta, umframhagnaður, en ekki reikningslegur hagnaður. En hvor aðferðin, reiknuð auðlindarenta eða reikningslegur hagnaður, gefur raunhæfari mynd af afkomu útgerða?

Auðlindarenta fæst með því að reikna út tekjur allra þeirra sem koma að tiltekinni atvinnustarfsemi með vinnu, fjármagni eða afnotum af náttúruauðlind. Útreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði<sup>2</sup> og byggist á bókhaldi útgerðarfyrirtækja að öðru leyti en því að fjárhagsfærslum, vöxtum, afskriftum ofl. er sleppt. Frá tekjum er dreginn allur aðfangakostnaður, þ.e. kaup á hráefni, vörum og þjónustu vegna framleiðslu og viðhalds. Það sem þá stendur eftir, vinnsluvirðið, eru þær tekjur sem eru til skipta á þá sem leggja til vinnu, fjármagn og afnot af náttúruauðlind. Hluti vinnu eru laun og launatengdur kostnaður. Hluti fjármagns er reiknaður miðað við verðmæti framleiðslufjármuna, afskriftir á nýtingartímanum og ávöxtun á því fé sem bundið er í rekstri með hliðsjón af ávöxtun fjármagns í annarri atvinnustarfsemi. Það sem eftir stendur er auðlindarenta.

### Reikningslegur hagnaður og skapandi bókhald

Reikningslegur hagnaður vísar frá auðlindarentu í því að í stað reiknaðs fjármagnskostnaðar koma bókfærðar afskriftir og bókfærðir vextir af lánsfé en engin frádráttur er fyrir ávöxtun á eigin fé og ekki er greint á milli arðs af fjármunum og auðlindarentu.

Þessi munur á aðferðunum virðist ekki mikill en er það í reynd. Reikningslegur hagnaður ræðst m.a. af margs konar fjármálagjöfningum sem ekkert hafa með rekstrarafkomu en hafa þann tilgang að haga bókhaldi eftir því sem kemur eiganda rekstrarins vel. Götótt skattalög, eignatengsl félaga og möguleikar til að flytja hagnaðar á milli fyrirtækja og landa er kjörlendi fyrir skapandi bókhald og skattasniðgöngu, sbr. t.d. eftirtalin atriði.

*Tengsl veiða og vinnslu.* Fiskvinnsla er að stórum hluta í eigu útgerðarfélaga eða tengd þeim. Meginefni frumvarps um veðigjöld er að leiðrétta verðlagningu í viðskiptum tengdra aðila sem

vanmetur tekjur útgerðar og hagnað af veiðum. Margar útgerðir nota einnig dótturfélög eða tengd félög til að annast sölu afurða erlendis og búa við sama freistnivanda.

*Afskriftir og vextir.* Afskriftir eiga að sýna rýrnun verðmæta á líftíma framleiðslufjármuna en afskriftareglur leyfa flýtafskriftir einkum í útgerð sem brenglar þá mynd. Vextir í lánaviðskiptum tengdra aðila víkja oft frá markaðsvöxtum. Gengistap af lánum í erlendri mynt eru talin til gjalda og gengishagnaður til tekna jafnvel þótt framleiðslan sé seld í erlendri mynt. Slíkt er órökrétt og leiðir til óeðlilegra sveiflna í reikningslegri afkomu og vanmetur hagnað til lengri tíma.

*Eignir og eignarhaldsfélög.* Í útgerðarfyrirtækjum er oft að finna hlutabréf o.fl peningalegar eignir sem ekki eru nýttar til fiskveiða. Þessir eignarhlutar eru yfirleitt bókfærðir á nafnvirði og engar tekjur eða virðisauki bókfærður þeirra vegna. Hagnaður af sölu eignarhluta er skattfrjáls en vextir af öllum skuldum eru gjaldfærðir. Útgerðarfyrirtæki eru að miklu leyti í eigu eignarhaldsfélaga og auðvelt er að færa hagnað frá framleiðslufyrirtæki til félaga ofar í eignarhaldskeðjunni og skapa þannig skattalegt hagræði (skattfrjáls arður og söluhagnaður). Eins eru dæmi um uppskiptingar og sameiningar félaga í þeim tilgangi að vextir vegna kaupa á eignarhlutum í framleiðslufélagi verði frádráttarbærir hjá því.

Dæmi um þessi atriði og afleiðingar þeirra eru fjölmörg. Álfélög hafa starfað áratugum saman hér á landi en aldrei greitt tekjuskatt þótt afkoma þeirra hafi verið góð. Orkufyrirtæki í blandaðri eigu erlendra fjárfesta og íslenskra tók nýverið eigendalán til 7 ára með nærri 11% vöxtum og færir rúma 5 mrd. kr. af hagnaði félagsins skattfrjálst til eigendanna á líftíma lánsins. Útgerðarfélög eru ekki tilgreind hér en ekki er ástæða til að ætla að um þau gildi eitthvað annað í þessum efnum. Þetta atriði sýna að reikningslegur hagnaður er ónothæfur við mat á raunverulegri afkomu. Skilgreining auðlindahagfræði á tekjum af fjármagni og auðlindaarði tekur honum langt fram sem mælikvarði á afkomu og auðlindarenta sem gjaldstofn tryggir almenningi hlutdeild í tekjum af auðlindum án þess að hafa neikvæðar afleiðingar fyrir viðkomandi atvinnustarfsemi.

### Gjaldbyrði veiðigjalda

Í auglýsingu SFS eru veiðigjöld borin saman við reikningslegan hagnað og staðhæft að þau muni verða 70% - 100% af honum. Sú niðurstaða fæst m.a. með því að líta fram hjá því að í reikningum margra stórra útgerðarfyrirtækja eru tekjur vantaldar með því að nota umsamið verð í stað markaðsverðs. Er það leiðrétt í frumvarpi til laga um veiðigjöld. Til að meta raunverulega afkomu þarf einnig að gera þá leiðréttingu á reikningum fyrirtækjanna.<sup>3</sup> Breytir það miklu og afhjúpar

haldleysi auglýsingar SFS.

| Rekstraryfirlit fiskveiða 2023                       | Fyrir leið- | Með leið- |
|------------------------------------------------------|-------------|-----------|
|                                                      | réttingu    | réttingu  |
| Tekjur alls                                          | 206.100     | 233.100   |
| Gjöld alls                                           | 154.690     | 154.690   |
| Laun og launatengd gjöld                             | 70.144      | 70.144    |
| Bókhaldslegur hreinn hagnaður                        | 31.748      | 58.748    |
| Umframhagnaður, árgreiðsluaðferð                     | 24.909      | 51.909    |
| Áætlaður hreinn hagnaður með árgreiðsluaðferð *      | 36.101      | 56.262    |
| Veiðigjöld, reiknuð                                  | 8.220       | 17.130    |
| Veiðigjöld % af umframhagnaði                        | 33%         | 33%       |
| Veiðigjöld % af bókhaldslegum hagnaði                | 26%         | 29%       |
| Veiðigjöld % af hreinum hagnaði, árgreiðsluaðferð    | 23%         | 30%       |
| * Umframhagnaður + vextir miðaðir við eiginfjárlutf. |             |           |

Þessi verðleiðrétting er eina breytingin á útreikningi á stofni veiðigjalda í frumvarpinu. Samkvæmt greinargerð með því hefði breytt verðviðmiðun á árinu 2023 leitt til þess að reiknuð veiðigjöld það ár hefðu hækkað um 9 mrd. kr. Þau eru 33% af gjaldstofninum og hann hefur því hækkað um 27 mrd. kr. Afleiddar stærðir eins og hagnaður hækka til samræmis eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu. Samkvæmt töflunni sem byggð er á yfirliti Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegs á árinu 2023 voru reikningslegar tekjur af fiskveiðum um 206 mrd. kr. og bókhaldslegur hagnaður útgerðar 32 mrd. kr. Að teknu teknu

tilliti til verðleiðréttingar verða tekjurnar um 233 mrd. kr. og reikningslegur hagnaður 59 mrd. kr. Í auglýsingu SFS er hlutfallsleg gjaldbyrði því miðuð við stærð sem er um 54% af raunverulegum hagnaði. Með því er gjaldbyrðin næstum tvöfölduð. Taflan sýnir að veðigjöld sem hlutfall af hagnaði verða um 30% eftir að leiðrétt hefur verið fyrir rangri verðlagningu.

Staðhæfingar SFS eru að auki fræðilega ómögulegar. Samkvæmt skilgreiningu auðlindarentu og reiknireglu veðigjalda geta þau sem hlutfall af hagnaði í atvinnugreininni heild aldrei orðið jafnhá eða hærri en reiknireglan segir til um, þ.e. 33% skv. frumvarpinu. Hagnaðurinn er alltaf hærri en auðlindarentan sem er umframhagnaður. Lækki hagnaðurinn lækkar auðlindarentan og veðigjöldin fyrst og og hverfa áður en ávöxtun fjármagns fer að skerðast.

### **Veðigjöld og gjaldþrot**

Það er ekki aðeins að gjaldbyrði af veðigjöldum í auglýsingu SFS sé röng. Staðhæfingar þeirra um yfirvofandi þrot fyrirtækja vegna veðigjalda eru byggðar á sömu röngu forsendunum, óleiðréttum tekjum og hagnaði. Afkoma fyrirtækja er eðlilega misjöfn og vikur frá meðaltalinu til hækkunar eða lækkunar. Það verður hins vegar að teljast með ólíkindum að í atvinnugrein sem einkennist af því að hagnaður, hvort sem er á mælikvarða ávöxtunar á eigin fé, EBITDA eða sem hlutfall af tekjum, er um tvöfalt á við það sem almennt er í atvinnurekstri hér á landi geti svolítið leiðrétt á veðigjaldi sett einhver fyrirtæki á hausinn. Sé svo hlýtur ástæðan að liggja í rekstri þeirra en ekki í almennum rekstrarforsendum þ.m.t. gjaldtöku sem er hin sama hjá öllum sambærilegum aðilum. Samkvæmt fræðum um markaðsbúskap og samkeppni er það óhjákvæmilegt og í þágu hagvaxtar að óarðbær fyrirtæki leggi upp laupana en hin arðbærari taki starfsemina yfir.<sup>4</sup> Breyting almennra gjalda eða aðrar ráðstafanir til að halda óarðbærum fyrirtækjunum í rekstri leiðir til óhagkvæmni og tekjutaps fyrir þjóðarbúið í heild.

<sup>1</sup> Þórólfur Matthíasson: <https://heimildin.is/grein/24643/leggjast-veidigjold-a-sjavarutvegsbyggdir/>, Indriði H. Þorláksson: <https://heimildin.is/grein/24327/veidigjoldin-og-landsbyggdin/>

<sup>2</sup> Alþjóðlega viðurkennd aðferðafræði sjá nánar: <https://indridih.com/audlindir-fiskveidar-2/fiskveidiaudlindir-og-thjodin-1-3-grein/>

<sup>3</sup> Algenzt er að litið sé fram hjá bókfærðu verði í viðskiptum tengdra aðila ef það vikur frá því sem gerist í viðskiptum óháðra aðila. Ákvæði þess efnis eru í skattalögum flestra landa þmt Íslands og í tvísköttunarsamningum þeirra.

<sup>4</sup> Bandaríski hagfræðingurinn Joseph Schumacher mótaði hugtakið “creative destruction” um það að hagkvæmur rekstur ryðji óhagkvæmum burtu og leiði þannig til hagvaxtar.